

Fagráð mennta- og menningarmálaráðuneytisins um símenntun og starfsþróun kennara.

Sigurjón Mýrdal, formaður.

Efni: Skilgreining Samtaka tónlistarskólastjóra, STS, á hlutverki, ábyrgð og skyldum skólastjórnenda hvað varðar símenntun og starfsþróun kennara, sbr. 3. lið í verkefnaskrá vinnuhópa á vinnufundi 22. nóvember 2013.

„Stjórn STS leggur áherslu á nauðsyn þess að sveitarfélög setji sér sameiginleg viðmið um hverju skuli varið í málaflokkinn og að sérstök áhersla verði einnig lögð á endurmenntunarpörf skólastjórnenda í samvinnu við haustþing og fræðsludaga Samtaka tónlistarskólastjóra.

Um ábyrgð og skyldur skólastjórnenda. Skólastjórnendur bera ábyrgð á því að vinna símenntunaráætlanir fyrir kennarahóp sinn út frá því fjármagni sem þeim er ráðstafað í málaflokkinn af sveitarfélögum. Símenntunaráætlanir þurfa að vera gerðar í góðu samstarfi við kennara og nauðsynlegt er að óskir þeirra séu lagðar til grundvallar áætlunum. Símenntunaráætlun þarf að vera sýnileg, annað hvort á vef skólans eða innra neti og er það skylda skólastjórnenda að kynna áætlunina fyrir kennurum að hausti. Stjórnendur bera ábyrgð á öllu skipulagi og hafa umsjón með eftirfylgni áætlunarinnar. Skynsamlegt er fyrir skólastjórnendur að kanna samleiðarmöguleika með skólum í sínu nærumhverfi við undirbúning framkvæmdar símenntunaráætlunar. Sérstök áhersla verði lögð á að kennarar deili reynslu og kunnáttu sinni innan veggja skólans í anda námssamfélagsins. Skólastjórnendur skulu einnig styðja við einstaklingsmiðaða símenntun starfsmanna sinna svo fremi sem það hafi ekki of truflandi áhrif á skólastarf.

Aðferðafræði. Meðal annars má benda á árleg starfsmannasamtöl sem öflugt tæki til þess að greina símenntunarpörf kennaranna og þeir stjórnendur sem nýta slík samtöl geta t.d. notað samtölin til að fá upplýsingar frá hverjum og einum um hvað þeir setja á oddinn varðandi símenntun. Að loknum samtölum má hugsa sér að stjórnendur geri símenntunaráætlun fyrir allan kennarahópinn fyrir komandi skólaár með tilliti til greiningar á niðurstöðum einstaklingssamtalanna. Áætlunin væri síðan kynnt í upphafi næsta skólaárs. Einnig má benda á opna kennarafundi sem öflugt tæki til þess að fá hugmyndir og óskir kennara fram en mjög mikilvægt er að kennarar eigi hlut að máli þegar kemur að því að móta áætlunina til þess að tryggja sem fjölbreyttust sjónarmið og þátttöku flestra“.

11. desember 2013

Með bestu kveðju
f.h. Samtaka tónlistarskólastjóra,

Haraldur Árni Haraldsson,
fulltrúi STS í Fagráði